

Guðbjörg Ragnarsdóttir fyrir hönd FG og Svanhildur M. Ólafsdóttir fyrir hönd SÍ .  
18.02.2015. **Pingskjal 634 — 426. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, með síðari breytingum.**

## 2. gr

Formáli:

Þetta hefur áhrif á starfskjör starfsmanna skólans t.d. ef viðkomandi starfsmenn fara síðar að vinna hjá skóla sem rekinn er af sveitarfélagi þá getur sú staða komið upp að sveitarfélagið taki ekki með þann tíma sem viðkomandi vann fyrir einkarekinna skóla t.d. ef skólinn er ekki bæði sjálfseignarstofnun og kostaður aðallega með almannafé. Skiptir t.d. máli að því er vaðar veikindarétt.

Þá þarf að taka á því hver skuli greiða fyrir einkennisfatnað starfsmanna ef það verður skylda að starfsmenn séu í einkennisfatnaði eða sérstökum fatnaði.

B liður

Hverjar eru núverandi reglur um kostnað t.d. vegna gagna sem foreldrar þurfa að kaupa t.d. stílabækur, strokleður... Hvað um kostnað vegna skólabúninga?

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

### Inngangur.

I. Hvað um kæruleiðir einkarekinna grunnskóla?

### IV. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Munu stjórnarsýslulög, upplýsingalög, sveitarstjórnarlög og önnur lög gilda

### V. Samráð.

Athugasemd

Þetta er kynnt eftir að sumarleyfi hófst og lauk áður en sumarleyfum var lokið og því ekki sjálfgefið að fólk hafi tækifæri til að koma með athugasemdir um málið

### VI. Mat á áhrifum.

Gildir þetta um alla grunnskóla eða bara opinbera?

Ábyrgð sveitarfélaganna á grunnskólahaldi samkvæmt gildandi lögum leiðir til þess að framangreinda þætti ber alla að tryggja í þeim þjónustusamningi sem gerður er við viðkomandi einkaaðila.

Væri ekki heppilegra að tryggja þetta í lögum svo börn foreldrar, kennarar og skólastjórnendur beri ekki skaðann af ef eitthvað fer úrskeiðis í samningagerð.

Í frumvarpsákvæðinu er lagt til að við 43. gr. gildandi grunnskólalaga bætist ný málsgrein sem verði 4. mgr. ákvæðisins. Gildissvið reglnanna í hinni nýju málsgrein tekur til samninga sem sveitarfélag gerir við einkaaðila um rekstur

grunnskóla á grundvelli 43. gr. og fela í sér að foreldrar og börn eiga ekki val um hvort þau sækja nám í sjálfstætt starfandi skóla.

Mikilvægt að hafa val ef því verður við komið t.d. í þeim tilvikum þar sem það eru fleiri en einn grunnskóli í viðkomandi sveitarfélagi það eru dæmi um foreldra sem verða að flytja á brott vegna þess að þeir vildu ekki vera í þessum sértæka úrræði. Einnig eru kennarar sem ekki vildu starfa í því og þurftu þeir einnig að fara af staðnum.

Þetta getur átt við ef rekstraraðili tekur að sér eina grunnskólann í sveitarfélaginu, hluta hans eða rekstur allra skóla í sveitarfélagi. Matið á því hvort börn eigi val um skólagöngu er efnislegt en ekki formlegt. Hvers vegna ætti að heimila að þetta væri eini starfandi skólinn í byggðarfélaginu. Er ekki nær að einkaskólar séu tæki til að auka fjölbreytni en ekki að þeir séu eini skólinn á svæðinu. Er verið að smíða reglugerð í kringum einn skóla og skapa fordæmi?

Ef skólastarfsemi sem sveitarfélagið sinnir sjálft er fremur umfangslítill þannig að ljóst er að það gæti ekki tekið við því sem næst öllum börnum úr hinum sjálfstætt starfandi grunnskólum í sveitarfélaginu, t.d. ef skyndilega kæmi fram mikil óánægja með starfseminum þar, þá ber samkvæmt þessu ákvæði að leggja til grundvallar að börn og foreldrar þeirra hafi ekki val um það hvar skólagangan fer fram.

Er það ekki á herðum sveitarfélaganna að að leggja til grunnskóla, en ekki treysta á einkareknu skólana?

Áréttað er að ábyrgð á að þessu sé að fullu sinnt er að endingu hjá sveitarstjórn, jafnvel þótt skólastarfsemin fari fram hjá einkaaðila á grundvelli samnings við sveitarfélagið.

Af hverju svona mikil áhersla á einkaskóla þegar reynsla annarra þjóða er ekki jákvæð af þeim?

Í Svíþjóð er hæsta hlutfall einkarekinna skóla en þeir dala mest í Pisa

Með glöggri útfærslu í samningi er þó engu að síður hægt að tryggja að skólanefndin hafi sambærilegt hlutverk, hvað varðar aðhald, yfirsýn og eftirlit gagnvart einkarekna skólanum og skóla sveitarfélagsins sjálfs, þótt eiginleg stjórnunarúrræði verði eftir atvikum takmarkaðri eða taki mið af grunnreglum samningaréttarins að einhverju marki.

Hvað þýðir glöggri útfærslu nákvæmlega?

Um 4. gr.

Hér er lögð til sú breyting á 1. mgr. 47. gr. grunnskólalaga að allar ákvarðanir um rétt eða skyldu nemenda eða forráðamanna þeirra sem teknar eru á vegum grunnskóla og sveitarfélaga á grundvelli grunnskólalaga verði kærnanlegar til mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Er eina breytingin fólgin í því að þær verði kærnanlegar til mennta- og menningarmálaráðuneytis?

## Fylgiskjal I.

*Mennta- og menningarmálaráðuneyti:*

### **Mat á áhrifum frumvarpsins á fjárhag sveitarfélaga skv. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.**

Jafnframt ber að nefna að með frumvarpinu verða allar stjórnvaldsákvæðanir, sem teknar eru á grundvelli grunnskólalaga, kæránlegar til mennta- og menningarmálaráðuneytis. Áður var hluti kæra er snýr að grunnskólum tekinn fyrir hjá ráðuneyti sveitarstjórnarmála.

Eru ákvæðanir starfsmanna einkarekins grunnskóla stjórnvaldsákvörðun. Væri einhver munur á meðhöndlun kæra eftir því hvort um er að ræða einkarekinn skóla eða skóla rekinn af sveitarfélagi? Hvað um aðgengi að upplýsingum sbr. upplýsingalögin?

Aðrar athugasemdir

Ég myndi vilja að það væri skýrt að eftirfarandi lög myndu gilda um skóla:

- Stjórnsýslulög
- Upplýsingalög
- Sveitarstjórnarlög t.d. að því er varðar trúnaðarskyldu.

Það er tiltekið í nokkrum greinum laga um grunnskóla hvenær sveitarstjórnarlög og stjórnsýslulög gilda. Ég velti því fyrir mér hvort það mætti þá gagnálykta í tilviki einkaskóla að þau giltu ekki þegar það er ekki sérstaklega tekið fram.

Í 1. mgr. 43. gr. kemur fram að sömu lög og reglur gildi um einkarekna skóla og almenna skóla „eftir því sem við á“. Þetta er allt of opið og óskýrt.

Annað sem þarf að hafa í huga er að þegar einkarekinn skóli er eini grunnskóli sveitarfélags eða ekkert raunverulegt val er um annan skóla:

- Er hægt að krefjast þess að nemendur og starfsmenn séu í skólabúning eða sérstökum klæðnaði og er það þá ekki skólans að greiða fyrir það.
- Er hægt að gera ríkari kröfur um að nemendur kaupir ritfæri, stílabækur, möppur... en þegar um skóla sveitarfélags er að ræða.

- Úr frumvarpinu: „*kennsla sé nemendum að kostnaðarlausu, sbr. 1. mgr. 31. gr., og gjaldtaka af nemendum og foreldrum vegna skólastarfs lúti sömu reglum og ef sveitarfélag ræki skólann sjálf*“. Á þetta við um ofangreinda punkta?